

Fundur með Skeiða- og Gnúpverjahrepp Vegagerðin Selfossi Fundargerð



Fundarstaður: Selfoss

Dags: 29. febrúar 2024

Fundargerð: María Dís Ásgeirsdóttir

Fundarmenn:

Haraldur Þór Jónsson haraldur@skeidgnup.is

Aron Bjarnason aron.bjarnason@vegagerdin.is

Svanur G. Bjarnason svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is

Héðinn Hauksson hedinn.hauksson@vegagerdin.is

Síða 1/2

Mál	Erindi/Efni
Gnúpverjavegur 325-01	Vegagerðin stefnir að því að fara í framkvæmdir í sumar á 1 km kafla (ca. Frá Mön að Ásaskóla) og setja á hann bundið slitlag. Þetta er þó háð fjárveitingum sem smá óvissa er um eins og er. Ekki er reiknað með að það þurfi að styrkja veginn mikið. Stefnt er að því að verktaki útvegi allt efni til framkvæmdarinnar. Frá u.þ.b. stöð 4530 – 5530. Haraldur benti á að búið er að opna nýjar námur m.a. í landi Ásólfstaða og Haga.
Stóra-Núpsvegur (328-01) og Stóra-Núpsvegur 1 (3339-01)	Landeigendur að Stóra Núpi og sveitarfélagið hafa um árabíl óskað eftir bundnu slitlagi á suðurhluta vegarins ásamt heimreið heim að Stóra Núpskirkju. Til eru samskipti allt frá árinu 2006 um þetta og hefur málið komið upp reglulega síðan. Ekki er á döfnni hjá Vegagerðinni að leggja bundið slitlag á Stóra-Núpsveg (328) sem er tengivegur og Stóra-Núpsvegur (3339) er héraðsvegur og tekur Vegagerðin ekki þátt í klæðingu á slíka vegi en kostar nauðsynlega undirbyggingu vegarins ásamt helmingi af burðarlagi. Í samskiptum frá 2022 kemur fram að sveitarfélagið myndi greiða klæðingu og helming burðarlags á Stóra-Núpsveg (328) en Vegagerðin það sem er þar undir. Þá var hlutur sveitarfélagsins áætlaður um 17 m.kr. og Vegagerðarinnar um 30 m.kr. Í héraðsveginum heim að kirkju var hlutdeild Kirkju og landeigenda áætluð um 14 m.kr. en Vegagerðarinnar um 8 m.kr. Ólíklegt er að Vegagerðin hafi svigrúm fyrir sínum hluta í Stóra-Núpsvegi í ár m.v. þessar tölur.

Vegagerðin

Fundarritari
María Dís

Bundið slitlag á héraðsvegi

Þegar vegur er héraðsvegur sér sveitafélagið og ábúendur um að skipta mér sér kostnaði við klæðingu og helming burðarlags, Vegagerðin sér um að gera veginn klárann fyrir klæðinguna. Gera má ráð fyrir að klæðing með efra burðarlagi kosti u.þ.b. 3000 kr/m².

Ath annað gildir um vegi sem eru ekki orðnir héraðsvegir nú þegar.

Árnes

Skíplagsáætlanir kynntar og ákveðið að vera í sambandi þegar þú vinna er lengra komin.

Snjómokstur

Gengur vel og verður því haldið áfram með sama fyrirkomulag.

Önnur mál.

Bent var á að vegur að Þórustöðum (3770-01) þarfnaðist heflunar. Vegur að Þórustöðum 2 (3770-02) datt út af vegaskrá 2010. Ef komin er búseta að nýju þarf fasteignareigandi að sækja um að hann verði settur aftur á vegaskrá.

Síða 2/2



Vegagerðin